

Nd.

533. Nefndarálit

[124. mál]

um frv. til l. um ríkisábyrgðir.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Fulltrúar stjórnarflokkanna vilja samþ. frv., en Skúli Guðmundsson og ég viljum fella frumvarpið eða gera verulegar breytingar á því.

Meginefni þessa frumvarps er að breyta þeim reglum, sem lengi hafa verið í gildi um ríkisábyrgðir. Ábyrgðir ríkissjóðs hafa yfirleitt verið svonefndar sjálf-skuldarábyrgðir, en nú er ætlunin, að þær verði svonefndar einfaldar ábyrgðir. Með þessu er stefnt að því að draga úr gildi þessara ábyrgða. Telja má fullvíst, að þessi breyting verði til þess, að í mjög mörgum tilfellum komi ríkisábyrgðir viðkomandi aðilum að engum notum.

Enginn vafi leikur á því, að ríkisábyrgðir lána hafa á undanförunum árum mjög stuðlað að því, að hægt hefur verið að útvega lán til ýmissa aðkallandi og nauðsynlegra framkvæmda. Augljóst er, að tilætlun ríkisstjórnarinnar með þessu frumvarpi er að draga úr framkvæmdum. Með því að draga úr gildi ríkisábyrgðanna á að torvelda aðilum að fá nauðsynleg framkvæmdalán. Hér er því um einn lið viðreisnarstefnunnar að ræða, þann, sem miðar að almennum samdrætti í þjóðfélaginu.

Í frumvarpinu er enn fremur gert ráð fyrir ýmsum hömlum til þess að draga úr veitingu ríkisábyrgða. Þannig er gert ráð fyrir, að almennt megi ekki veita ríkisábyrgð að nýju þeim aðila, sem stendur í vanskilum við ríkið. Einnig er ráðgert, að ríkisbanki skuli vera fjármálaráðuneytinu til ráðgjafar um það, hvort rétt sé að veita ríkisábyrgð, og er augljóst, að með því er ætlað að stefna að því, að þeir sem efnaðastir eru, skuli jafnan sitja fyrir ríkisábyrgðum.

Við Alþýðubandalagsmenn erum andvígir þessu frumvarpi og munum greiða atkvæði gegn því. Ég mun þó freista þess að koma fram nokkrum breytingum á frumv. og flytja um það tillögur á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. marz 1961.

Lúðvík Jósefsson,